Reykjavík, 4. febrúar 2021

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgata 4
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að stefnu um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna 2020-2030, mál nr. 3/2021

UMFÍ fagnar því að fram eru komin drög að stefnu um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna, sem í stuttu máli má kalla Æskulýðsstefnu. Drögin eru mikilvægt skref sem færir Íslendinga nær því umhverfi sem börn og ungmenni búa við í samanburðarlöndum, sér í lagi á meginlandi Evrópu.

Helsta gleðiefni UMFÍ er að með stefnu í skipulögðu félags og tómstundastarfi er stuðlað enn betur en áður að innleiðingu Barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna og tilmælum Evrópuráðsins um gæði félags- og tómstundastarfs. Um leið er sett fram framtíðarsýn til áratugar fyrir málaflokkinn og forgangsröðun verkefna.

Með þátttöku í skipulögðu félags- og tómstundastarfi fá börn og ungmenni tækifæri til að taka þátt á sínum forsendum, þroskast í öruggu umhverfi og um leið styðja við grunngildi þess að búa í lýðræðislegu samfélagi auk þess að njóta þekkingar fagmenntaðs starfsfólks.

Gott samstarf

Drögin sem hér um ræðir eru byggð á mikilli bakgrunnsvinnu, mörgum fundum og samvinnu félagasamtaka þar sem grunnur var lagður að stefnunni. Vinnuferlið við drögin er liður í auknu samráði.

Vissulega er um vinnuskjal að ræða. Engu að síður einkennist skjalið af opnu ferli þar sem fjölda hagaðila er hleypt að borðinu. UMFÍ væntir þess að sami háttur verði hafður á þegar Æskulýðsstefnan verður unnin áfram. Slíkt tryggir góða og vel unna stefnu byggða á faglegum grunni.

Ungmennaráð UMFÍ hefur síðastliðin tíu ár staðið fyrir ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði. Þar hefur margoft verið gagnrýnt að stjórnvöld taki ákvarðanir um ungt fólk án þess að leita viðbragða eða álits þess. Það var því ánægjulegt að hér við mótun draga að Æskulýðsstefnunni hafa slík vinnubrögð verið viðhöfð.

Þó má vissulega finna ýmislegt sem hægt væri að bæta enn frekar. Þar á meðal söknum við frekari skilgreiningar á æskulýðsstarfinu. Verði æskulýðsstarf ekki skilgreint með frekari hætti en hér er gert má ætla að hætta sé á að Æskulýðsstefnan nái yfir of vítt svið. Með öðrum orðum þarf að skilgreina betur starfsemi æskulýðsfélaga, hvers kyns starfsemi fellur undir skilgreininguna og þar fram eftir götunum. Þetta er jafnframt mikilvægt með hliðsjón af fjármögnun Æskulýðsstefnunnar. Afmörkuð og skýr skilgreining á því hvað felst í

æskulýðsstarfi ber með sér hagræðingu þess fjármagns sem ætlað er til stefnunnar. Forsenda þess að að grunnurinn verði traustur er að starfið sé vel skilgreint.

Ljóst er að enn er nokkuð verk að vinna.

Stefnt var að því að móta stefnuna með nánari hætti á ráðstefnu með ungmennum árið 2020. Kórónuveirufaraldurinn olli því hins vegar að hætta varð við ráðstefnuna eins og flest annað þar sem búist var við mörgum þátttakendum. Í stað þess var haldinn afskaplega árangursríkur og gefandi fjarfundur þar sem lagður var grunnur að drögum stefnunnar með einkar lausnamiðuðum hætti.

Lausnamiðuð hugsun, opið og jákvætt samráð og samtal við eins marga hagaðila og mögulegt er tryggir að góð stefna mun vonandi innan tíðar líta dagsins ljós. UMFÍ fagnar því hversu mörgum hefur verið boðið að borðinu og hversu margir fá tækifæri til að láta rödd sína hljóma og koma skoðunum sínum á framfæri við gerð stefnunnar, stefnu sem hefur verið í opnu samráði í gátt stjórnvalda í sex vikur.

Hafa ber í huga að eftir að unnið verður úr umsögnum að drögum Æskulýðsstefnunnar verður unnið að tillögum að aðgerðum til þess að fylgja stefnunni eftir. Enn er því talsverðu starfi ólokið. Margir hagaðilar munu því setjast aftur saman við borðið til að ljúka verkinu.

UMFÍ er umhugað um að vel takist til og hefur því hvatt forsvarsfólk í hreyfingunni og ungmennaráði UMFÍ til þess að láta rödd sína hljóma og taka þátt í að móta stefnuna.

Stefna til framtíðar

UMFÍ fagnar því sérstaklega að Æskulýðsstefnan sé til áranna 2020 - 2030. Til samanburðar náðu fyrri stefnur einungis til 3 – 5 ára sem er alltof skammur tími til að huga að öllum þeim þáttum sem máli skipta, hvað þá að rúm gefist til að innleiða stefnuna með faglegum hætti í starf íþrótta- og æskulýðsfélaga.

Að mati UMFÍ er mikilvægt að mennta- og menningarmálaráðuneytið standi fyrir samráði um drög að Æskulýðsstefnunni og sé á sama tíma framkvæmdaraðili hennar. Stefnur fyrri ára guldu fyrir það að þær settu kvöð á sveitarfélög og frjáls félagasamtök sem þau áttu erfitt með að standa undir.

UMFÍ tekur heilshugar undir þá framtíðarsýn sem endurspeglast í drögum að Æskulýðsstefnu stjórnvalda. Þ.e. að skipulagt æskulýðs- og tómstundastarf verði viðurkennt sem ein styrkasta stoðin í íslensku samfélagi. Þó fagnar UMFÍ því sérstaklega að óformlegu námi sem vissulega er fólgið í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi er lyft upp í drögum að Æskulýðsstefnu.

Fjölbreytni er lykill að framtíðinni

Í drögum að Æskulýðsstefnu til áranna 2020 – 2030 er lögð áhersla á fjölbreytileika. Hann fær þar mikið vægi og er lyft upp. Mikilvægt er einmitt að skipulagt félags- og tómstundastarf sé fjölbreytt og í stöðugri þróun. Þess vegna er svo gríðarlega mikilvægt að sem flestir fái tækifæri til að fara undir hatt skipulags starfs á því sviði sem þeir kjósa.

Fyrirtækið Rannsóknir og greining hefur um árabil kannað samspil ýmissa þátta hjá börnum í 8. 9. og 10 bekk grunnskóla í verkefni sem kallast Ánægjuvogin. Að Ánægjuvoginni koma

UMFÍ og ÍSÍ. Niðurstöðurnar sýna með skýrum hætti að börn og ungmenni sem eru undir hatti skipulags starfs, hvort heldur er í íþróttum eða öðru æskulýðsstarfi, eru síður likleg til að leiðast út í áhættuhegðun og neyta áfengis- og vímuefna en hin, sem standa utan við skipulagt starf. Þar á meðal kemur fram í nýlegum niðurstöðum Ánægjuvogarinnar, að neysla allra vímuefna er mun ólíklegri á meðal unglinga í 8. - 10. bekk sem æfa íþróttir með íþróttafélagi en þeirra sem æfa ekki eða standa utan skipulags starfs.

UMFÍ og ÍSÍ hafa lagt áherslu á að ungmenna- og íþróttafélög nýti sér þessar góðu niðurstöður, bæði til að sýna iðkendum og foreldrum þeirra fram á hversu gott starf er unnið innan félaganna en einnig til að rýna og kanna hvað má betur fara, til þess að gera gott starf enn betra í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi.[1]

Æskulýðsstarf er í sífelldri mótum enda kröfur samfélagsins fjölbreyttar. Af þeim sökum er mikilvægt að hagaðilar séu vakandi fyrir því að vera í sífelldri mótun og hræðast ekki breytingar. Þvert á móti verði þeir að leita leiða til að breytast og tryggja með þeim hætti að komið verði til móts við ólíkar þarfir, væntingar og ólík áhugasvið barna og ungmenna í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi.

Með sanni má segja að með drögum að Æskulýðsstefnu sé lagður faglegur grunnur að skipulögðu æskulýðsstarfi. Mikilvægt er að umgjörðin verði í lagi.

Saman erum við öll betri

Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ, er landssamband ungmennafélaga. UMFÍ var stofnað í ágúst árið 1907. Sambandsaðilar UMFÍ eru 28 talsins sem skiptast í 21 íþróttahérað og 7 ungmennafélög með beina aðild. Alls eru um 450 félög innan UMFÍ með rúmlega 270 þúsund félagsmenn.

Forsvarsfólk UMFÍ og ungmennaráð UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað.

f.h. Ungmennafélags Íslands

Auður Inga Þorsteinsd.

Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ

[1] Sjá m.a.: https://www.umfi.is/utgafa/frettasafn/anaegjuvogin-2020-skipulagt-ithrottastarf-er-verndandi-thattur/